

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 14. tbl. 10. árg. 9. nóvember



Myndir augnabliksins eru frá „rugluðegi“ á Tröllaborgum.



Fréttir úr Grímseyjarskóla.

Ýmislegt hefur verið brasað í skólanum frá skólabyrjun. Búið er að fara í plöntusöfnunarferð og plöntugreiningu í framhaldinu. Landnám Íslands stúderað og eldri deildin er komin vel á veg með Laxdælu. Að auki framleiða þau hvert listaverkið á fætur öðru.

Meiri hluti nemendanna prófaði einnig að fara í hina ýmsu skóla í landi á meðan flest fullorðna fólkið í eyjunni stakk af til útlanda í tvær vikur.

Auk hins hefðbundna náms er búið að halda Hrekkjavöku partý með leikjum, veitingasölu og diskóteki

Svo er Fiske-afmæli á næsta leyti þar sem nemendur Grímseyjarskóla eru samkvæmt venju stór hluti dagskrár.

Með fylgir ein mynd frá Hrekkjavöku partýinu.



Unnið með samfélag og menningu á Naustatjörn.

Leikskólinn Naustatjörn vinnur út frá tveim aðal áherslupáttum. Annar þeirra er náttúra og umhverfi en hinn er samfélag og menning. En hvernig er unnið með samfélag og menningu með tveggja ára börnum? Jú þar er unnið út frá þemanu "ég sjálf/ur og fjölskyldan mín". Einn liður í þessari vinnu er að hvert barn útbýr sér sitt eigið fjölskyldutré og foreldrar koma með myndir af heimilis fólki barnanna til að fylla upp í tréð. Fjölskyldur eru jú margbreytilegar og fróðlegt að sjá hverja börnin vilja hafa á fjölskyldutrénu sínu. Eftir að búið er að skapa trén hanga þau uppi allan veturinn en það skiptir litlu tveggja ára börnin miklu máli að sjá myndir af fjölskyldunni sinni. Það vekur þeim gleði og öryggi að hafa sína nánustu "hjá sér" allan daginn.

Fleiri myndir má sjá [hér](#)



Flautudagur í Tónlistarskólanum.

Þverflautunemendur úr Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónlistarskóla Eyjafjarðar, Tónskóla Róars, Tónlistarskólanum á Húsavík og Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga hittust á sunnudag. Æft var stíft í tveimur hópum, grunnnáms og miðnáms allan daginn og kl. 16:00 var afraksturinn fluttur í Fljótinu í Hofi. Allir voru kátir og glaðir með daginn og er stefnt á að gera þetta árlega hér eftir.

Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember.

Í Síðuskóla lögðu nemendur og starfsfólk sitt af mörkum með ýmsum hætti. Samverustund var á sal þar sem yngsta stigið kom saman, rætt var um samskipti og 4. bekkur sýndi leikrit sem undirstrikaði mikilvæg atriði í samskiptum. Eftir löngu frímínútur fóru svo allir út, bæði nemendur og starfsfólk og mynduðu vináttukeðju á skólalóðinni. Þrjár stúlkur í þriðja bekk útbjuggu vinabönd handa bekkjarfélögum.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o. fl.